

Fréttabréf Heiðarskóla

Mars 2013

Ábm. Bryndís Jóna Magnúsdóttir




Árshátíð Heiðarskóla miðvikudaginn 20. mars

Árshátíð Heiðarskóla verður haldin miðvikudaginn 20. mars. Að venju er hátíðin þrískipt.

1.—3. bekkur	Mæting 8:10	Hátíð hefst 8:30
4.—7. bekkur	Mæting 9:30	Hátíð hefst 10:00
8.—10. bekkur	Mæting 12:15	Hátíð hefst 12:30

Allir bekkir frá 1.—7. bekk verða með atriði á sviði og síðan mun hópur nemenda í 8.—10. bekk sýna leikritið „Í sambandi“.

Í lok hverrar hátíðar er boðið upp á kaffiveitingar í samstarfi við foreldra. Foreldrar eru hvattir til þess að njóta hátíðarinnar með börnum sínum.



Sóley Halla ráðin skólustjóri

Eins og flestum er kunnugt um sagði Gunnar Þór, skólustjóri Heiðarskóla til 12 ára, starfi sínu lausu í upphafi árs. Sóley Halla, núverandi aðstoðarskólustjóri, var meðal fimm umsækjenda og var hún ráðin í starfið í upphafi mánaðarins. Hún mun taka við þegar skólastarf hefst á ný að páskaleyfinu loknu. Staða aðstoðarskólustjóra hefur verið auglýst og gengið verður frá ráðningu hans í aprílmánuði.



Hvað finnst þér best við Heiðarskóla?



Elma Rósny, 8. EP

Vinirnir, félagslífið og eiginlega bara allt annað. Maturinn mætti samt vera betri.



Emil Aron, 3. KJ

Að leika úti með vinum mínum.



Raket Rán, 1. AJ

Allt!





Heiðarskóli - fjölskylduvænn vinnustaður

Laugardaginn 13. febrúar var haldinn hátíðlegur Dagur um málefni fjölskyldunnar í Reykjanesbæ. Af því tilefni varð boðið til samkomu á Nesvöllum, sem bæjarstjórnin setti. Jóhann Geirdal skólastjóri flutti erindi um velgengni skólanna í Reykjanesbæ og Azra Crnac nemandi í 10. bekk í Heiðarskóla flutti mjög skemmtilegt erindi um mikilvægi þess að eiga góða fjölskyldu, ekki síst á mótunarárunum. Þá sýndu þau Brynja Yr Júlíusdóttir, Hafdís Fanney Gunnlaugsdóttir og Markús Már Magnússon atriði úr leikriti, sem sýnt verður á árshátíð Heiðarskóla.

Við þetta tækifæri fékk Heiðarskóli viðurkenningu frá Reykjanesbæ sem fjölskylduvænn stofnun. Fékk skólinn að gjöf fallega mynd gerða af listakonunni Döllu, sem og viðurkenningarskjál



Stóra upplestrarkeppnin



Fimmtudaginn 7. mars fór fram lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar hjá grunnskólum Reykjanesbæjar og Grunnskóla Sandgerðis. Keppnin fór fram í DUUS-húsum og og kepptu tveir upplesarar úr 7. bekk frá hverjum skóla, alls 14 nemendur. Fulltrúar Heiðarskóla voru þau Elma Rún Kristinsdóttir 7.FÓ og Svanur Þór Mikaelsson 7.JP. Bæði stóðu þau sig prýðilega og voru glæsilegir fulltrúar skólans á þessari hátíð. Svanur Þór lenti í öðru sæti á eftir nemanda úr Njarðvíkurskóla.

Skákmót Heiðarskóla

Mánudaginn 11. febrúar, fór fram skákmót Heiðarskóla. Keppnin fór þannig fram að fyrst kepptu 35 nemendur í 1. - 4.bekki um þátttökurétt í keppni með þeim eldri. Var keppnin mjög skemmtileg og fór svo að lokum að 6 nemendur unnu sér þátttökurétt í lokakeppninni. Í þeirri keppni kepptu alls 20 nemendur og var hún jöfn og spennandi. Leikar fóru þannig að Hrannar Már Albertsson nemandi í 4.HT stóð uppi sem skákmeistari Heiðarskóla skólaárið 2012 - 2013. Fékk hann 5 vinninga. Í öðru til þriðja sæti voru þeir Sigursteinn Annel Annelsson 8.EP og Ísak Einar Ágústsson 6.HS, báðir með 4 vinninga. Gaman er að geta þess að Hrannar Már er yngsti skákmeistari Heiðarskóla frá því byrjað var að keppa um þennan titil, árið 2007.



Skólahreysti – undankeppni

Heiðarskóli keppti í 8. riðli í undanúrslitum Skólahreysti þann 14. mars. Heiðarskóli hafnaði í þriðja sæti og mun því ekki keppa til úrslita. Keppendur okkar stóðu sig þó mjög vel og unnu t.a.m. hraðbrautina. Keppnin fór fram í íþróttahúsi Breiðabliks í Smáranum og var mikil stemmning í húsinu. Athygli vakti að efstu fimm sætin skipuðu eingöngu skólar úr Reykjanesbæ en Holtaskóli fór með sigur úr bítum.

Lið Heiðarskóla skipuðu þau:

Andri Már Ingvarsson í upphífungum og dýfum.

Irena Sól Jónsdóttir í armbeygjum og hreystigreip.

Anton Freyr Hauksson og Elfa Falsdóttir í hraðbraut.



Öskudagur í Heiðarskóla

Öskudagur var haldinn hátíðlegur 13. febrúar. Sú hefð hefur skapast í skólanum að nemendur og starfsfólk mætir í grímubúningum og furðufötum þennan dag. Þá er brugðið á leik og dansað í íþróttahúsinu. Eins og undanfarin ár var boðið upp á draugahús í salnum sem nemendur í nemendaráði höfðu undirbúið og stjórnuðu. Það vakti mikla lukku hjá nemendum og var fjölsótt.



Hvað finnst þér best við Heiðarskóla?



Gerald Breki, 5. SRJ
Frímínútur og náttúrufræði.



Brynjar Þór, 9.AÓ
Krakkarnir.



Heimsóknir á Listasafn Reykjaneshæjar

Listasýningin Lög unga fólksins var í Listasafni Reykjaneshæjar dagana 25. janúar - 10. mars. Guðlaug Lewis tók á móti mörgum bekkjum úr Heiðarskóla og voru nemendur okkar mjög hrifnir af litríkum og fjölbreyttum verkum listamanna sex sem þar sýndu. Guðlaug Lewis og Listasafn Reykjaneshæjar eiga hrós skilið fyrir frábærar móttökur og góða leiðsögn.



Frábær árangur 4. bekkjar á samræmdum prófum

Samræmd próf voru lögð fyrir í september á síðasta ári og voru niðurstöður gerðar opinberar í upphafi árs. Samkvæmt þeim stendur Heiðarskóli sig nú, sem fyrr, vel í samanburði við aðra skóla á landinu. Árangur nemenda í 4. bekk var sérstaklega góður. Þeir voru í 1. sæti í stærðfræði á landsvísu og í 10. sæti í íslensku. Árangur nemenda okkar í 4. bekk í stærðfræði hefur verið mjög góður undanfarin ár. Ef skoðað er meðaltal fimm síðustu ára kemur í ljós að nemendur í 4. bekk í Heiðarskóla eru í þriðja sæti yfir alla grunnskóla á landinu.



Skemmtileg skólaverkefni



Það sem af er skólaársins hafa að sjálfsögðu margs konar verkefni verið unnið í skólanum. Myndræn verkefni sem þessi hér vekja ávallt lukku og fanga athygli þeirra sem ganga um skólann. Á myndunum má sjá heimskort nemenda í 6.HS, dýraverkefni í 8. bekk í náttúrufræði, plánetuverkefni nemenda í 5. bekk og afrakstur fiskapemavinnu 7. bekkjar.



Gleðilega páska!